

Matarstígur Helga magra, stjórnarfundur nr. 5 haldinn á Zoom þriðjudaginn 26.5.2020 kl. 17.00. Mætt voru Einar Örn, Hugrún, Kristín, Helga Berglind og Karl verkefnastjóri, auk gestanna Gunnars frá Kapli og Kristínar Önnu frá Duo Dot. Karl ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Markaðs- og hönnunarmál
 - gestir; Kristín og Gunnar
 2. Styrkur frá Sóknaráætlun – ráðstöfun
 3. Nýja kaffibrennslan / ÓJ&K – drög að samningi
 4. Viðburðadagatal
 5. Staða annarra verkefna
 - a. Vistvæn dreifileið / vistvæn ferðamannaleið
 - b. Hveiti úr Klauf – almennt um ræktun
 - c. Skólaeldhúsið
 - d. Undirbúningur Matarhátíðar Helga magra
-
1. Gunnar fór yfir sína vinnu undanfarið sem snérist m.a. um spjall við þátttakendur með óformlegum hætti. Er kominn með mikið af upplýsingum til að vinna úr varðandi ímyndarvinnuna. Eftir að spjalla við þrjá aðila. Helstu niðurstöður eru mjög skemmtilegar og nýtast okkur vel. Út úr vinnunni koma einskonar handrit sem fylgja vörunni sem við seljum. Næstu verkefni er að koma þessu meira í fjölmiðla, koma upp Facebook-síðu undir vörumerkinu Helgi magri og #helgimagri. Verið er að gera markaðsáætlun og við skiptum með okkur verkum. Leiðbeiningunum eða handritunum verður skilað til þátttakenda. Kristín Anna fór yfir sína vinnu varðandi hönnunina eftir síðustu athugasemdir. Lógóið sjálft samþykkt og mun Kristín senda það í þeim formum sem þarf svo hægt sé að fara að nota það og kynna. Gunnar og Kristín véku af fundi.
 2. Tölvupóstur frá Baldvini Valdimarssyni starfsmanni SSNE lagður fram, þar sem hann tilkynnir að Matarstígur Helga magra hafi fengið kr. 1.000.000 í styrk úr aukaúthlutun Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Stjórn Matarstígs Helga magra þakkar af alúð fyrir styrk úr aukaúthlutun Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Stjórnin samþykkir að 500 þúsund krónum verði varið í að koma á Vistvænni dreifileið innan matarstígsins. Formanni og verkefnastjóra falið að vinna að málinu og ganga frá samningum við SSNE. Ráðstöfun hins helmings styrksins verður ákveðin síðar.
 3. Punktar í samning milli Nýju kaffibrennslunnar / ÓJ&K og matarstígsins lagðir fram. Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi efni samningsins og felur formanni og verkefnastjóra að ganga frá samningum.
 4. Verkefnastjóri leggur fram drög að viðburðadagatali sumarsins. Stjórnin samþykkir það eins og lagt er fram og felur verkefnastjóra að koma því á framfæri og í kynningu sem víðast.
 5. Staða annarra verkefna:
 - a. Vinna heldur áfram við að skoða samtvinnun á Vistvænni dreifileið og ferðamannaleið um matarstíginn.

- b. Hermann í Klauf hefur gefið okkur nokkur kg af hveiti úr sinni ræktun til að prófa. Vala á Rifkelsstöðum lánar hveitimalara og Garðar Kári og Guðný Jó ætla að prófa að baka úr hveitinu sem og Baddi og Einar á Kaffi kú. Þetta er mjög áhugavert verkefni og fróðlegt hvað kemur út úr því. Hermann hefur áhuga á að rækta meira af hveiti og selja í fullvinnslu.
- c. Verið er að vinna að útfærslu á afnotum af skólaeldhúsi Hrafnagilsskóla fyrir örframleiðendur. Davíð húsvörður og Þóra heimilisfræðikennari verða tengiliðir skólans. Gengið er út frá því að skólinn pakki öllum áhöldum og tækjum í skólalok og notendur þurfi að koma með allt slíkt með sér sem og tæki eins og hrærivélar. Matarstígurinn mun halda utan um útleigu á eldhúsinu. Gefnar verða út umgengisreglur og verða þær hluti af handbók bændamarkaðanna.
- d. Rætt um undirbúning Matarhátíðar Helga magra, helgina eftir verslunarmannahelgi og stjórnarmenn hvattir til að leggja höfuðið í bleyti varðandi framkvæmd hennar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40.

kj